

## Fundargerð stjórnar BÍS

<b>Fundarstjóri:</b> Marta Magnúsdóttir	<b>Fundur nr. 31/2017</b>
<b>Fundarritari:</b> Hermann Sigurðsson	
<b>Mættir:</b> Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi	<b>Fundarstaður:</b> Skátamiðstöðin Hraunbæ 123  <b>Dags: 3. okt. 2017</b>  <b>Frá kl. 19:45</b> <b>Til kl. 21:40</b>
<b>Fjarverandi:</b> Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	

### Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Fylgiskjöl í möppu	Ábyrgð
1	1	<b>Setning</b> MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		MM
1	2	<b>Fundargerð síðasta fundar</b> Samþykkt.	3.2	HS
15	3	<b>Yfirlit stjórnarmanna</b> <b>Anna:</b> Búið að vera fundur með nýjum stjórnarformanni í Grænum skátum. Katrín Júlíusdóttir tók að sér formennsku. Við fengum ekki starfsleyfi í Tindaselinu. Við höfum því gert bráðabirgðasamning við Skátaland um að skipta um starfsaðstöðu til sex mánaða. Það er verið að finna lausnir í þeim málum. Bíðum eftir uppgjörum dótturfélaga vegna WSM2017 því er ekki lokið. <b>Berglind:</b> Á fimmtudag er rekkaskátaruglið og þeir fara í hellaferð, á föstudag verður róverskátaruglið og farið í trampólíngarðinn. <b>Björk:</b> Það er búið að halda tvö fyrsta skrefs Gilwell námskeið og voru 27 sem mættu. Verið er að vinna í sjálfboðaliðakerfinu. Vinnuhópur er að skoða það að yfirfæra skátareynsluna metna yfir í atvinnulífið. <b>Dagmar:</b> Heimsóknir í skátafélögin gengu vel. Fór á heimsráðstefnu WAGGGS í Indlandi.		Allir

		<p><b>Jakob:</b> Upplýsingaráð hittist reglulega og er að teikna upp heimasíðurnar. Eru að skoða fleiri mál sem tengist ímyndarmálum s.s. skátablaðið, skátabúning og vörumerkið Skátarnir. Hvað er verið að gera og af hverju.</p> <p><b>Marta:</b> Heimsóttum skátafélagið Heiðabúa um helgina. Þeir héldu upp á 80 ára afmælið þessa dagana. Fór á blaðamannafund vegna Forvarnardagsins og fer í heimsókn í skóla á morgun. Tók virkan þátt í ráðningarferli um nýjan framkvæmdastjóra. Fór á heimsráðstefnu WAGGGS í Indlandi og gekk vel.</p>	
50	4	<p><b>Meginmál 1</b> Starfsáætlanir ráða og nefnda. Kynnt var fyrirkomulag verkefnaforma og verklag á starfsáætlun. Stefnt að því að formenn ráða skili gögnum eftir mánuð.</p>	MM/HS
30	5	<p><b>Meginmál 2</b> Stefnumótun staða verkefna. HS fór yfir stöðu verkefna og kynnti verkefni fyrir árið 2018. Ákveðið var að fresta þessum lið í bili og ákveðið að breyta fyrirkomulagi stjórnarfundar og kynna sér málefni annarra stjórnarmanna.</p>	MM
30	6	<p><b>Önnur mál</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li><b>Forsetamerkisafhending 23. sept</b> Athöfn gekk vel. Átta skátar fengu merkið við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Harpa Ósk Valgeirsdóttir var ræðumaður dagsins og Jón Þór Gunnarsson var staðgengill skátahöfðingja.</li> <li><b>Staðsetning skátaþings (sjá yfirlit hér fyrir neðan).</b> Lagðar eru fram tillögur til umræðu og ákvörðunar um hvar næsta skátaþing skal haldið og með hvað sniði. Stjórn samþykkir að leita fyrst til MH varðandi aðstöðu og skátafélaga á höfuðborgarsvæðinu sem geta nýtt baklandið sitt í verkefnið.</li> <li><b>Ráðning framkvæmdastjóra</b> MM og AGS unnu með Ernu Arnardóttur, mannauðsstjóra að greiningu umsókna og tóku þrjá aðila í viðtal í síðustu viku. Viðtöl hafa gengið vel og mjög hæfir</li> </ol>	

	<p>einstaklingar sem komu í viðtöl. Stjórn stefnir á að klára ráðningu í þessari viku.</p> <p><b>4. Heimsóknir í skátafélögin</b> Stjórnin fór í 4 heimsóknir og sóttu um 100 skátar fundina og var mikil ánægja með þetta fundarfyrirkomulag. Góðar umræður sköpuðust og eru skátafélögin almennt ánægð með þá þjónustu sem Skátamiðstöðin veitir. Fullt af verkefnum fyrir stjórn og starfsfólk að vinna úr á næstu misserum. Fundargerðir verða sendar á skátafélögin til upplýsingar innan tveggja vikna. MM gerir endurmatsskjal fyrir skátafélögin og Skátamiðstöðin sendir út. Mætti endurskoða fyrirkomulag skátaþings með þessum hætti.</p> <p><b>5. WAGGGS Heimsping</b> DÝÓ og MM fóru munnlega yfir nýafstaðið heimsping WAGGGS í Indlandi. Skýrsla verður send von bráðar.</p> <p><b>6. Formaður alþjóðaráðs í frí</b> JPG hefur tilkynnt stjórn BÍS að hann óski eftir að vera í fríi fram að áramótum. Liljar Már Þorbjörnsson kemur sem fulltrúi alþjóðaráðs án atkvæðis.</p> <p><b>7. Trúnaðarmál.</b> Bókað í trúnaðarbók. MM og HÓV véku af fundi.</p> <p><b>8. Kynningar- og markaðsmál, heimasíður ofl.</b> JG sagði frá að stefnt sé að fréttamiðlun sé virk með einföldum máta sem krefst lágmarks tíma og mannafla. Möguleikar eru að nýta samfélagsmiðla sem til eru til að einfalda fréttaskriftir og sköpun miðla. Má kalla bráðabirgðalausn þar til hægt sé að koma miðlum í fulla keyrslu. Þangað til ferill er endurmetinn og þarfagreindur. Facebook-færslur koma í stað fréttu á skátamál.is. SÁ er falið að fá verð í breytingarnar.</p> <p><b>9. Aðalfundur Úlfjótsvatns sf.</b> Aðalfundur var hjá Úlfjótsvatni sf. Í dag. Ögmundur Jónasson, SSR og Finnbogi</p>		
--	--	--	--

	<p>Finnbogason, BÍS voru sjálfkjörnir í stjórnina til eins árs ásamt tveimur fulltrúum frá Skógræktarfélagi Íslands. Fundurinn gekk vel fyrir. Undir önnur mál kom fulltrúi frá Landmótun og fór yfir deiliskipulagstillögur á jörðinni. HS hvetur stjórn BÍS til að hitta stjórn SSR og ræða drög að samkomulagi á milli eigenda um notkun á jörðinni. Lagt til Ólafur Proppé sé fenginn til að fara yfir samkomulag á milli skáta og Skógræktarfélags Íslands. Lagt er til að Ögmundur Jónasson verði fulltrúi SSR.</p> <p>Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi stjórnarfundna þannig að stjórnarmenn geti talað um skátamálefni líðandi stundar, út frá sínu hjarta og út frá samtölum sínum við grasrótina. MM falið að finna vinnufundi stjórnar í okt/nóv.</p> <p><b>10. Alþjóðaviðburðir</b>          Samþykkt að JG fari á Scout Academy og BN og Dagbjört Brynjarsdóttir fari á MOVIS. Marta er að fara til Finnlands á skátahöfðingjafund í lok mánaðar.</p> <p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40.</p>	
--	---	--

## Úr viðburðadagatali BÍS:

4. okt	Forvarnadagurinn 4. okt
9	Endurfundir
19	Verndum þau námskeið
26	Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS – fellur niður
20.-22.	JOTA-JOTI
6-8	Rödd ungra skáta – fellt niður
	<i>Öræfalíf rekkaskáta – fellt niður</i>
28.-3	<i>The Academy</i>
2. nóv	Afmæli skátastarfs 2. nóvember
4	Gilwell 2. Skref
4	Fálkaskátadagur
13.	Endurfundir
5	Dagur sjálfboðaliðans (Skátahöfðingi sendir kveðju)
11	Jólaendurfundir skáta
21	Kakókvöld
27. - 29.	Á norðurslóð

## Skátaping

Ár	Bæjarfélag	Skátafélag
2018		
2017	Akureyri	Klakkur
2017	Kjalarnes	Aukaskátaping, Skátamiðstöðin
2016	Mosfellsbær	Mosverjar
2015	Selfoss	Fossbúar
2014	Kópavogur	Kópar
2013	Hafnarfjörður	Hraunbúar
2012	Reykjavík	SSR, Orkuveituhúsið
2011	Keflavík	Heiðabúar
2010	Garðabær	Vífill
2009	Reykjavík	Skátamiðstöðin
2008	Akureyri	Klakkur
2007	Reykjavík	Skátamiðstöðin

6.-7. apríl

### Möguleikar í Rvík:

6.-7. apríl 2018

Framhaldsskólar	1 stór salur m/öllum græjum
Laugardalshöll	mötuneyti/bera fram mat
Stýrimannaskólinn	4 svæði fyrir umræðuhópa
Rúgbrauðsgerðin	skrifstofuaðstöðu
HÍ	
HR	miður föstudagur-laugardagskvöld
MH (Landnemar?)	160 manns
KÍ (Proppé tengiliður?)	

Akranes?  
Hveragerði?

Verkmenntaskólinn Akranesi